



Fundargerð

12. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 mánudag 27. mars 2023, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Mættir:

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Katrín Sigurðardóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Ásgerður Kristín Gylfadóttir, fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga
Geir Gígja, Ferðamálasamtök Suðurlands
Guðmundur Fannar Vigfússon, Ferðamálasamtök Suðurlands
Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Nejra Mesetovic, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Forföll:

Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nejra Mesetovic.

Dagskrá

- Verkefni síðastliðin mánuð og það sem er framundan
- Aðalfundur og árshátíð
- Önnur mál

[Verkefni síðastliðin mánuð og það sem er framundan](#)

Samstarf Markaðsstofa landshlutanna (MAS)

- Forstöðumenn MAS funda að jafnaði einu sinni í mánuði og oftast er tilefni er til. Í liðinni viku var fundað um ýmis málefni. Meðal annars voru ræddir samningar um áfangastaðastofur og mikilvægi þess að standa vel að endurnýjun þeirra.
- Fulltrúar Norðurlands og Vestfjarða voru búin að vinna áfram erindi frá MAS sem senda á til hagaðila varðandi vinnu að stefnumörkun varðandi skemmtiferðaskipakomur. Þá var rædd vinna sem er framundan við nýja aðgerðaáætlun í stefnumótun ferðamála en mikilvægt er að tryggja að fulltrúar frá Markaðsstofum landshlutanna eigi þar fulltrúa í vinnuhópum.

- Rætt var um hugmynd að ferðapjónustuviku í samstarfi við aðra í stoðkerfi ferðapjónustunnar, þá sömu viku og Mannamót eru haldin. Þá var einnig rædd haustráðstefna sem MAS hafa reglulega haldið, stefnt að því að halda hana í haust og voru tillögur að þeim rædd. Suðurland og Norðurland munu byrja að kasta fram hugmyndum að erindum.
- Staðan á Upplifðu var rædd og mun verða unnið að því að klára samninga við Íslandsstofu um það samtarf. Einnig var rætt fyrirkomulag sýninga og vinnustofa og það plan sem MAS hafði sett fram sem drög í kringum áramót.
- Mánaðarlegur fundur forstöðumanna MAS með Sigríði Dögg, fagstjóra ferðapjónustu hjá Íslandsstofu, um sameiginleg verkefni var haldinn um miðjan mars. Þar var vinnufundur MAS í apríl ræddur og aðkoma Íslandsstofu að honum. Rætt var um fjármögnun á markaðssetningu fyrir neytendamarkað sem ekki hefur verið tryggt fjármagn á þessu ári. Þá ræddi Íslandsstofa hugmynd að erindum eða námskeiði um markaðsmál og samstarf sem þeim langar að halda með hverjum landshluta. *Framundan er að vinna að sameiginlegum verkefnum á vinnudögum MAS í apríl og vinna að skipulagi á markaðsnámskeiði/málþingi fyrir vorið. Búið er að bera upp aðalfundadaginn 4. maí upp við þau og Sigga Dögg hélt að það myndi ganga.*
- Samráðsfundur fyrir stjórnarfund Vatnajökulsþjóðgarðs (VJP) með hagsmunaaðilum ferðapjónustunnar, en gott fyrir áheyrnarfulltrúa ferðamálasamtaka í stjórn VJP að eiga samtál um málefni þjóðgarðsins.

Framundan er m.a. sameiginlegur starfsmannafundur Markaðsstofanna, 18. og 19. apríl nk. í Reykjavík og eru Suðurland og Reykjanes að skipuleggja dagskrá fundarins. Þar verður sameiginleg fræðsla fyrir hópinn frá Akademies ásamt því að hitta samstarfsaðila s.s. Ferðamálastofu, Íslandsstofu og SAF.

Samstarf við sveitarfélög

Faghópsfundur fór fram um miðjan mánuðinn og voru þar tekin fyrir nokkur málefni. Meðal annars var farið yfir kortamál, uppfærslu og útgáfu þeirra og svo hvað er á döfinni á næstunni á Suðurlandi. Svo var einnig rætt stuttlega aðkoma sveitarfélaga að uppbyggingu áfangastaða í einkalandi.

Vegna endurnýjunar samninga við sveitarfélög og ríki í haust er í undirbúningi könnun sem send verður til allra sveitarfélaga á næstunni en niðurstöður hennar verða nýttar til að skerpa á samvinnu sveitarfélaganna og Markaðsstofunnar. Faghópsfulltrúar voru tilbúnir að vinna könnunina með MSS og eiga samtalið við sveitarstjórnir og/eða bæjarráð.

Framundan er að senda út senda út könnun á sveitarfélögin í vikunni.

Samstarf með Íslandsstofu

Í febrúar var fundað með Íslandsstofu um aðgerðaáætlun ársins fyrir Suðurland. Undanfarið hefur verið unnið í því að fylla út í sameiginlegt skjal á gagnasvæðinu. Í aðgerðaáætlun verða m.a. helstu áherslur Suðurlands fyrir árið (sem settar voru fram í haust til Íslandsstofu), þátttaka í vinnustofum og sýningum, ásamt fyrirhuguðu samstarfi um blaðamannaferðir og áhrifavaldasamstarfs ársins.

Þá voru einnig ræddar pre-ferðir fyrir Vestnorden sem verður haldin 17.-19. október í Reykjavík og þarf að vera búið að skila inn tillögu að ferð fyrir 15. apríl nk.

Starfsmenn hafa átt í samskiptum um hópblaðamannaferð í maí við Íslandsstofu, Markaðsstofu Norðurlands og erlent flugfélag. Þá hafa einnig verið í undirbúningi nokkrar heimsóknir áhrifavalda og miðla. Mjög margar fyrirspurnir eru að berast til MSS þessa dagana um samstarf, frá miðlum og áhrifavöldum og því þarf að velja vel.

Framundan er frekari undirbúningur blaðamannaferðar og pre-ferða vegna Vestnorden. Þá verður starfsmannafundur MAS verði nýttur að hluta í vinnu með Íslandsstofu. Einnig er framundan undirbúningur fyrir ferðir með miðlum og áhrifavöldum, m.a. með ítalskri fjölmiðlakonu. Þá er stefnt á eins og áður segir á námskeið/málþing um markaðsmál og samstarf með Íslandsstofu.

Vinnustofur og sýningar

Unnið hefur verið að eftirfylgni vinnustofa á Norðurlöndunum. *Framundan er að undirbúa preferðir vegna Vestnorden og búið er að skrá MSS á vinnustofur í Norður-Ameríku (Toronto, San Fransisco, Seattle) í september.*

Samstarf við SASS

Framkvæmdastjóri átti fund með sviðstjóra þróunarsviðs SASS um samstarfið. Langt var um liðið frá síðasta fundi og talsverðar breytingar átt sér stað varðandi störf ráðgjafa/byggðapróunarfulltrúa. Gott var að ræða næstu skref og hvaða verkefni eru framundan.

Framkvæmdastjóri var þátttakandi í viðskiptahraðlinum Sóknarfæri nýsköpunar sem mentor, þar sem áhersla var á verkefni sem tengjast orku, mat og líftækni, ferðapjónustu og skapandi greinum. Lokadagur hraðalsins var haldinn 16. mars í Hveragerði þar sem verkefni hraðalsins voru kynnt. Mörg spennandi verkefni voru kynnt og nokkur sem tengdust ferðapjónustu á einn eða annan hátt. Ánægjulegt var að tilkynnt var á viðburðinum að samskonar hraðall verður haldinn aftur á Suðurlandi.

Auk þess eru starfsmenn ávallt að fylgjast með þróun greinarinnar og sinna ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga varðandi verkefni tengd ferðapjónustu, menningu og markaðsmálum.

Framundan í samstarfinu við SASS er að umsóknarfresti í uppbyggingarsjóð Sóknaráætlunar lauk þann 1. mars og mun verða tilkynnt í byrjun apríl hvaða verkefni hlutu brautargengi. Stefán hefur verið fenginn í það að taka upp og klippa saman myndefni sem verður notað á rafrænum kynningarviðburði.

Áfangastaðaáætlun og Eldfjallaleiðin

Unnið hefur verið að uppfærslu áfangastaðaáætlunar. Þá hefur verið fundað um framhald vinnunnar við Eldfjallaleiðina með Reykjanesi. Verkefnastjórar áttu fund með ljósmyndara um efnissköpun og einnig við Stefnu um mögulega framsetningu á vef. Verið er að vinna að fyrstu framsetningu á south.is, en byrjað verður á því þar til annað verður ákveðið. Einnig er verið að vinna umsókn með Reykjanesi í Nýsköpunarsjóðinn Lóu en hann styður við nýsköpun á landsbyggðinni. Umsóknarfrestur í hann er í dag.

Framundan er að halda áfram að vinna að næsta fasa Eldfjallaleiðarinnar sem fékk styrk úr Sóknaráætlun Suðurlands. Þá heldur vinna við uppfærslu áfangastaðaáætlunar áfram og verður á næstunni send fyrsta útgáfa á stýrihóp til yfirlestrar.

Vefur og samfélagsmiðlar

Vinna við efnissköpun fyrir samfélagsmiðla og vef er alltaf í gangi. Undanfarið hefur verið unnið að nýjum síðum um mismunandi þemu. Það er hluti af forgangsverkefnum áfangastaðaáætlunar að vinna slíkt efni. Fundað var með forsvarsmanni Upplifðu um næstu skref á efni fyrir Suðurland inn á vefinn og verður haldið áfram að bæta efni inn á hann.

Alltaf verið að skrifa fréttir, miðla efni og huga að næstu skrefum í frampróun á síðu og miðlum. Þessu tengt hefur Nejra verið að setja sig inn í vinnu með gervigreind (AI) og látið hana vinna þó nokkra texta með ágætum árangri.

Nokkrir fundir átt sér stað á tímabilinu um samstarf við áhrifavalda og miðla.

Framundan er áframhaldandi vinna við efnissköpun á vef og samfélagsmiðla en sú vinna er sífellt í gangi, allt árið. Miðla þarf fréttum af starfseminni auk annars efnis sem kynnir náttúru, mat, menningu og þjónustu svæðisins.

Innra starf

- Framkvæmdastjóri hefur átt starfsmannasamtöl með verkefnastjórum MSS og verður í framhaldi fínússuð verkaskipting á milli aðila.
- Unnið hefur verið að könnunum sem verða sendar á samstarfsfyrirtæki og sveitarfélög. Gögn verða nýtt til að bæta starfsemina og efla samstarf við helstu hagaðila.
- Ávallt eru í gangi samskipti við samstarfsaðila og viðræður við ný fyrirtæki.

Aðrir fundir/erindi

Í samstarfi við Hæfnisetur ferðapjónustunnar og SAF voru haldnir tveir fundir á Suðurlandi í mars, í Vík og á Selfossi. Fyrirhugað var að halda einnig fund í Suðursveit en ekki reyndist næg þátttaka en tekin verður staðan á því í apríl eða maí hvort hægt verði að halda sambærilegan fund þá á því svæði. Fundirnir heppnuðust mjög vel og var vel mætt af lykilmálki. Miðað við umræðu og samtöl þá var fólk ánægt með fundina og efni þeirra.

Rætt var um það á fundinum á Selfossi að auka mætti samtal milli stjórnenda í ferðapjónustu á svæðinu. Gott væri að deila þekkingu og reynslu líkt og gert var á þessum fundi. Nefnt var að ef við ætluðum að ná markmiðum og framtíðarsýn um gæði í þjónustu og annað slíkt þá þyrfti líka að hugsa um endurmenntun og þekkingarmiðlun á milli eigenda og stjórnenda, ekki eingöngu hugsa um nýliðþjálfun og fræðslu fyrir fólk í framlínu. Markaðsstofan mun kanna áhuga meðal stjórnenda á að skapa slíkan samtalsvettvang og halda utan um ef af verður.

Framkvæmdastjóri sat fund með áheyrnarfulltrúa í stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs ásamt fulltrúum frá Markaðsstofu Norðurlands og Austurbrú.

Starfsfólk MSS reynir að sækja sem flesta fundi og kynningar sem snerta málaflokka starfseminnar og eykur þekkingu starfsfólks. M.a. má nefna að þessir fundi og nokkrir framundan.

- Ársfundur Íslandsstofu

- Fjárhagslegt mikilvægi ferðaþjónustunnar á vegum Mennta- og viðskiptaráðuneytis, Ferðamálastofu og SAF.
- Aðalfundur Ríkis Vatnajökuls
- Ferðaþjónustufundur á vegum sveitarfélagsins Hornafjarðar, Visit Vatnajökull og FASK.

Framundan:

- Ad World – markaðsráðstefna (Nejra)

Aðalfundur og ársráttíð Markaðsstofu Suðurlands

Aðalfundur og ársráttíð – Verður á Landhótel fimmtudaginn 4. maí 2023. Búið að ræða við markaðs og kynningarfulltrúa Rangárbings ytra vegna örferðar. Dagskrá með hefðbundnu sniði; aðalfundur, örnámskeið um markaðsmál með Íslandsstofu, kynningarferð og ársráttíð. Starfsmönnum falið að skipuleggja daginn.

Önnur mál

- Umboð stjórnar og framboð
 - Framkvæmdastjóra falið að senda póst á samstarfsfyrirtæki um að opið sé fyrir framboð til stjórnar MSS
- Framkvæmdastjóri situr námskeið á vorönn hjá Dale Carnegie um Leiðtogafærni.

Fundi slitið kl. 12:10